

Alþingi
Erindi nr. P 127, 2002
komudagur 18.7.2002

Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. apríl 2002

Efni: Frumvarp til laga um vörur unnar úr eðalmálmum, 620. mál.

Samtök iðnaðarins fagna framlagningu þessa frumvarps sem var samið að frumkvæði og í samvinnu við Félag íslenskra gullsmiða.

Efnisatriði frumvarpsins eru til þess fallin að auka neytendavernd, styrkja stöðu þeirra sem smíða gripi úr eðalmálmum og gera útflutning skartgripa mögulega. Forsenda útflutnings er gagnkvæmt traust og skýr sönnunarfærsla á því að um eðalmálma sé að ræða. Um þetta eru settar skýrar reglur í frumvarpinu.

Eftirlit og gjaldtaka

Samtök iðnaðarins telja rétt að vekja athygli á nokkrum atriðum í III. kafla frumvarpsins, sem fjallar um eftirlit og gjaldtöku, sem betur mættu fara.

1. mgr. 10. gr. Heimildir Löggildingarstofu

Hér er Löggildingarstofu og faggiltum skoðunarstofum veitt mjög opin heimild til rannsóknar á starfsstöð. Í greinargerð er reyndar tekið fram að gæta skuli meðalhófs við eftirlitið. Engu að síður verður að gjalda varhug við opnum heimildum af þessu tagi enda nánast um húsleitarheimild að ræða. Gera verður ríkar kröfur til þess að í reglugerð með lögunum verði settar reglur um þetta. Sama gildir raunar um upplýsinga- og afhendingarskyldu skv. 2. mgr.

11. gr. Úrræði Löggildingarstofu

Löggildingarstofu er nauðsynlegt að hafa úrræði til þess að farið sé að lögunum. Samkvæmt þessari grein eru henni fengin úrræði eins og sölubann, og ber þeim sem sölubannið beinist gegn að bera kostnað af því, og síðan heimild til dagsekta. Þessar heimildir eru mjög rúmar og ber að beita af ýtrustu varúð og í samræmi við málsmeðferðarreglur sem setja verður í reglugerð.


12. gr. Gjaldtaka

Hér er gert ráð fyrir að auk fastra gjalda greiði stimpilhafi kostnað vegna sýnatöku og greiningar sýna svo og kostnað vegna nauðsynlegra viðbótarrannsókna. Það er sjálfsagt að viðkomandi beri eðlilegan kostnað sem til fellur vegna þessa eftirlitskerfis. Hins

vegur er sem fyrr rétt að benda á að hér eru stjórnvaldinu fengnar mjög opnar heimildir sem verður að takmarka og skýra nánar. Bæði hvað varðar hversu oft á að taka sýni og eins er eðlilegt að setja skýr mörk um hámark slíkrar gjaldtöku og hvað sé eðlilegt að telja til kostnaðar í því sambandi. Ella er hætt við að þessi kostnaður geti keyrt úr hófi en hér er jafnan um lítil fyrirtæki eða einyrkja að ræða sem þola ekki mikinn kostnað af þessum sökum.

Að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem að framan eru gerðar styðja Samtök iðnaðarins að frumvarpið verði að lögum.

SAMTÖK IÐNAÐARINS



Jón Steindór Valdimarsson
aðstoðarframkvæmdastjóri